



25. febrúar 2022

Efni: Minnisblað um þau áhrif sem samkomutakmarkanir hafa haft á rekstur íþróttá- og tómstundastarf bæjarins með sérstaka áherslu á börn.

Á fundi bæjarráðs þann 20. janúar 2022 var stjórnarsýslusviði falið að leita til mennta- og lýðheilsusviðs og fá greiningu á þeim áhrifum sem samkomutakmarkanir hafa haft á rekstur íþróttá- og tómstundastarf bæjarins með sérstaka áherslu á börn.

Rafrænn spurningalisti var sendur út á forsvarsmenn íþróttá- og tómstundafélaga til að greina tekjufall þeirra á árinu 2021, sjá má svör í heild sinni í viðauka 1. Alls bárust svör frá 17 aðilum/deildum.

Helstu niðurstöður voru eftirfarandi:

- **Spurning 3**
Hversu mikið hefur félagið/deildin þurft að endurgreiða foreldrum vegna æfingagjalda á árinu 2021?
Lítið eða ekkert var endurgreitt hjá meirihluta félaga, en þess í stað voru æfingatímabil framlengd, næstu námskeið ókeypis, ekki gengið eftir því að innheimta ógreidd æfingagjöld eða bara greitt fyrir þá tíma sem hægt var að mæta í hverju sinni.
 - Undantekning: Haukar/FH þar sem endurgreitt var á bilinu 250.000-500.000 kr.
- **Spurning 4 og 5**
Hefur iðkendum fækkað eða fjölgað á milli ára 2020 og 2021? Hversu mikið hefur iðkendum fækkað/fjölgað?
Iðkendum hefur fækkað hjá 7 af svarendum (mest um 100), fjölgað hjá 5 svarendum (mest um 100) og staðið í stað hjá 4 svarendum.
- **Spurning 6**
Hversu mikið telur félagið/deildin sig ekki ná að innheimta vegna æfingagjalda 2021?
Æfingagjöld sem ekki hefur tekist að innheimta spanna frá 0-1.000.000 kr.
- **Spurning 7 og 8**
Hefur félagið samið við starfsmenn um launalækkun? Hefur félagið samið við leikmenn um launalækkun?
30% launalækkun hjá starfsmönnum og leikmönnum handknattleiksdeildar Hauka (til 1. feb. 2021) óbreytt hjá öðrum.
- **Spurning 9**
Kemur félagið til móts við iðkendur vegna lokana á árinu? Hvernig?
Til að koma til móts við iðkendur vegna lokana buðu félög t.d. upp á heimaæfingar, lengdu annirnar, buðu upp á aukaæfingar/æfingar á Zoom, gáfu frítt á næstu námskeið, buðu upp á sumarnámskeið.



Hafnarfjörður

- **Spurning 10**
Hefur félagið/deildin orðið fyrir tekjumissi vegna mótahalds á tímabilinu?
Tekjutap vegna mótahalds spannar frá 0-12.902.400 kr.
- **Spurning 11**
Hefur félagið/deildin orðið af tekjum frá styrktaraðilum vegna faraldursins?
Tekjutap frá styrktaraðilum spannar frá 0-10.000.000 kr.
- **Spurning 12**
Hefur félagið/deildin orðið af tekjum vegna leigu til skóla, viðburða, einkaaðila o.fl. á árinu 2021?
Tekjutap vegna leigu til skóla, viðburða, einkaaðila o.s.frv. spannar frá 0-20.000.000 kr.
- **Spurning 13**
Hefur félagið/deildin orðið fyrir tekjutapi vegna áhorfendamissis á árinu 2021?
Tekjutap vegna áhorfendamissis spannar frá 0-8.800.000 kr.


Nafn félags og deildar	Samtals tekjutap
Akstursíþróttafélag Hafnarfjarðar	Ársreikningur ekki klár.
Badmintonfélag Hafnarfjarðar	6.250.000
Bogfímifélagið Hrói Höttur	600.000
Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar	300.000
FH - Frjálsíþróttadeild	1.000.000
FH - Knattspyrnudeild	22.102.400
Fimleikafélag Hafnarfjarðar	20.000.000
Golfklúbburinn Keilir	3.500.000
Haukar - Handknattleiksdeild	21.876.603
Haukar - Karatedeild	-
Haukar - Knattspyrnudeild	8.567.966
Haukar - Körfuknattleiksdeild	20.500.000
Hjólreiðafélagið Bjartur	-
Siglingaklúbburinn Þytur	400.000
SÍH - Skotíþróttafélag Hafnarfjarðar	200.000
Skátafélagið Hraunbúar	-
Tennisfélag Hafnarfjarðar	-

Frístundastyrkur

Árið 2021 voru 3.766 börn sem nýttu sér frístundastyrk bæjarins eða 69% barna á aldrinum 6-18 ára með lögheimili í Hafnarfirði (sjá á mynd 1). Árið 2020 var hlutfallið 66% og er því 3% aukning á milli ára.




Hafnarfjörður



Mynd 1. Nýting frístundastyrks á árunum 2016-2021

Á mynd 2 má sjá þróun frístundastyrks á árunum 2016-2021, þann 1. september árið 2019 hækkaði mánaðarlegur styrkur úr 4.000 kr. í 4.500 kr. Árið 2021 voru greiddar tæplega 166 milljónir í frístundastyrk, árið 2020 var greitt rúmlega 147 milljónir og er því 12,5% aukning á milli ára. Árið 2021 fékk hvert barn 44.041 kr. að meðaltali í frístundastyrk eða 3.345 kr. meira en árið 2020 (hæsti styrkur er 54.000 kr. á ári).



Mynd 2. Heildarstyrkur og meðaltalsstyrkur á hvert barn frá 2016-2021



Hafnarfjörður

Viðauki 1: Tekjufall íþróttá- og tómstundafélaga 2021

Spurning 1 & 2:

Eftirfarandi félög svöruðu spurningalistakönnuninni:

Nafn félags og deildar	Hver svarar fyrir hönd félags/deildar
Akstursíþróttafélag Hafnarfjarðar	Linda Dögg - Formaður
Badmintonfélag Hafnarfjarðar	Anna Lilja Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri
Bogfímifélagið Hrói Höttur	Sveinn Stefánsson
Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar	Atli Már Sigurðsson, formaður
FH - Frjálsíþróttadeild	Formaður deildar
FH - Knattspyrnudeild	Árni Freyr Guðnason - yfirþjálfari yngri flokka FH
Fimleikafélag Hafnarfjarðar	Framkvæmdarstjóri aðalstjórnar
Golfklúbburinn Keilir	Framkvæmdastjóri, Óli Þór
Haukar - Handknattleiksdeild	Aron Kristjánsson, framkvæmdastjóri
Haukar - Karatedeild	Kristján Ó. Davíðsson
Haukar - Knattspyrnudeild	Helga Helgadóttir
Haukar - Körfuknattleiksdeild	Stefán Þór Borgþórsson framkvæmdastjóri
Hjólreiðafélagið Bjartur	Örn Hrafnkelsson
Siglingaklúbburinn Þytur	Markús Elvar Pétursson
SÍH - Skotíþróttafélag Hafnarfjarðar	Timo Salsola
Skátafélagið Hraunbúar	Bjarni Freyr Þórðarson
Tennisfélag Hafnarfjarðar	Formaður

Spurning 3

Hversu mikið hefur félagið/deildin þurft að endurgreiða foreldrum vegna æfingagjalda á árinu 2021?

Lítið eða ekkert var endurgreitt hjá meirihluta félaga, en þess í stað voru æfingatímabil framlengd, næstu námskeið ókeypis, ekki gengið eftir því að innheimta ógreidd æfingagjöld eða bara greitt fyrir þá tíma sem hægt var að mæta í hverju sinni.

Undantekning frá þessu eru:

- Knattspyrnu- og körfuknattleiksdeildir Hauka sem endurgreiddu 500.000 kr. og 250.000 kr. hvor.
- Knattspyrnudeild FH sem endurgreiddi 476.000 kr.

Spurning 4 & 5

Tafla 2. Fækkun/fjölgun iðkenda milli ára 2020-2021:

Nafn félags og deildar	Hefur iðkendum fækkað eða fjölgað á milli ára?	Hve mikið?
Akstursíþróttafélag Hafnarfjarðar	Fækkað	- 100
Badmintonfélag Hafnarfjarðar	Fækkað	-2
Bogfímifélagið Hrói Höttur	Fjölgað	+10
Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar	Fækkað	-25



Hafnarfjörður

FH - Frjálsíþróttadeild	Sami fjöldi	0
FH - Knattspyrnudeild	Fækkað	-8
Fimleikafélag Hafnarfjarðar	Á ekki við hjá aðalstjórn	
Golfklúbburinn Keilir	Fjölgað	+15
Haukar - Handknattleiksdeild	Sami fjöldi	0
Haukar - Karatedeild	Fjölgað	+10
Haukar - Knattspyrnudeild	Fækkað	-10
Haukar - Körfuknattleiksdeild	Sami fjöldi	0
Hjólreiðafélagið Bjartur	Fækkað	-25
Siglingaklúbburinn Þytur	Fjölgað	+100
Skotíþróttafélag Hafnarfjarðar	Fjölgað	10
Skátafélagið Hraunbúar	Sami fjöldi	0
Tennisfélag Hafnarfjarðar	Fækkað	-30

Haukar - Handknattleiksdeild:

Það varð um 20% fækkun á iðkendum við Covid og var ekki búið að vinna það tilbaka eftir árið 2021.

Haukar - Körfuknattleiksdeild:

Það er fjölgun í miðdeildarhópum (5.-8. bekk) en fækkun á yngsta stigi (1.-4. bekk) og því er iðkendafjöldi svipaður.

Spurning 6

Tafla 3. Innheimta æfingagjalda:

Nafn félags og deildar	Hversu mikið telur félagið/deildin sig ekki ná að innheimta vegna æfingagjalda 2021?
Akstursíþróttafélag Hafnarfjarðar	gátum ekki farið af stað með neitt
Bogfímifélagið Hrói Höttur	600.000
Badmintonfélag Hafnarfjarðar	1.000.000
Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar	300.000
FH - Frjálsíþróttadeild	Ekkert svar
FH - Knattspyrnudeild	400.000
Fimleikafélag Hafnarfjarðar	Ekkert svar
Golfklúbburinn Keilir	0
Haukar - Handknattleiksdeild	300.000
Haukar - Karatedeild	0
Haukar - Knattspyrnudeild	1.000.000
Haukar - Körfuknattleiksdeild	1.000.000
Hjólreiðafélagið Bjartur	Ekkert svar
Siglingaklúbburinn Þytur	0
Skotíþróttafélag Hafnarfjarðar	0
Skátafélagið Hraunbúar	0
Tennisfélag Hafnarfjarðar	0



Hafnarfjörður

Haukar - Handknattleiksdeild:

Við höfum ekki getað innheimt um 300.000 kr vegna ógreiddra æfingagjalda. Einnig höfum við ekki hækkað æfingagjöldin hjá okkur síðastliðin tvö keppnistímabil út af Covid. Við höfum ekki talið rétt að leggja það á foreldra iðkenda þar sem ýmiskonar raskanir hafa verið á starfseminni vegna Covid takmarkana. Venjulega hækka öll íþróttafélög, þ.m.t. aðrar deildir hjá okkar félagi, æfingagjöldin samkvæmt vísitölu, venjulega um 5% á ári. En launavísitala var um 7,5% á árinu 2021. Þá getum við sagt að við höfum ekki getað innheimt miðað við aðra um 1.467.966 kr plús 300.000 kr eða um 1.767.966 kr.

Spurning 7 & 8

Laun:

Nafn félags og deildar	Hefur félagið samið við starfsmenn um launalækkun?	Hefur félagið samið við leikmenn um launalækkun?
Akstursíþróttafélag Hafnarfjarðar	Á ekki við	Á ekki við
Badmintonfélag Hafnarfjarðar	Nei	Á ekki við
Bogfímifélagið Hrói Höttur	Á ekki við	Á ekki við
Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar	Laun ekki hækkuð skv. kjarasamninga	Á ekki við
FH - Frjálsíþróttadeild	Nei	Á ekki við
FH - Knattspyrnudeild	Nei	Já
Fimleikafélag Hafnarfjarðar	Á ekki við hjá aðalstjórn	Á ekki við
Golfklúbburinn Keilir	<i>Ekkert svar</i>	Á ekki við
Haukar - Handknattleiksdeild	30% til 1.2.2021	30% til 1.2.2021
Haukar - Karatedeild	Nei	Á ekki við
Haukar - Knattspyrnudeild	Nei	Nei
Haukar - Körfuknattleiksdeild	Nei	Nei
Hjólreiðafélagið Bjartur	Á ekki við	Á ekki við
Siglingaklúbburinn Þytur	Nei	Á ekki við
Skotíþróttafélag Hafnarfjarðar	Á ekki við	Á ekki við
Skátafélagið Hraunbúar	Nei	Nei
Tennisfélag Hafnarfjarðar	Nei	Á ekki við

Spurning 9

Kemur félagið til móts við iðkendur vegna lokana á árinu? Hvernig?

Badmintonfélag Hafnarfjarðar:

Vorum með heimaæfingar og áskoranir í langa páskafríinu Lengdum vorönnina inn í júní Buðum uppá fríar aukaæfingar í jólafríinu.



Hafnarfjörður

Bogfímifélagið Hrói Höttur:

Nemar fengu frítt á næstu námskeið. Það voru sömu nemar út allt árið og bara rukkaðir fyrir 1 tímabil. Við erum vanir að hafa 3 tímabil og því tapaðist ca 600.000 þús fyrir innkomu námskeiðagjalda.

FH - Knattspyrnudeild:

Vorum með heimaæfingar, videofundi, einstaklingsfundi, fræðslufundi.

Haukar - Karatedeild:

Við færðum æfingar tímabundið á Zoom, Karate er þess eðlis að það þarf ekki mikið pláss til að stunda það. Iðkendur og forráðamenn þeirra voru ánægðir með þessa lausn.

Haukar - Körfuknattleiksdeild:

Já. Við höfðum æfingar í öllum fríum (jóna-, páska og vetrarfríum), buðum upp á frí sumarnámskeið og verkefnið HaukarExtra þar sem boðið var upp á aukaæfingar án endurgjalds (hefðum annars haft tekjur af þessum námskeiðum). Við viljum líka benda sérstaklega á að yngstu iðkendum hefur fækkað verulega frá upphafi covid eða yfir 30% í 7. og 8.fl. sem kemur til með að valda tjóni á starfseminni á næstu árum.

Skátafélagið Hraunbúar:

Fleiri helgarferðir og dagskráarefni innifalið en áður var gert ráð fyrir í félagsgjöldum

Tennisfélag Hafnarfjarðar:

Já, lengdum æfingaannirnar hjá krökkunum.

Spurning 10-13

Tekjumissir:

Nafn félags og deildar	Hefur félagið/deildin orðið fyrir tekjumissi vegna mótahalds á tímabilinu?	Hefur félagið/deildin orðið fyrir tekjutapi vegna áhorfendamissis á árinu 2021?
Akstursíþróttafélag Hafnarfjarðar	Nei	Já , ársreikningur ekki klár svo það er ekki komið alveg á hreint
Badmintonfélag Hafnarfjarðar	50.000	200.000
Bogfímifélagið Hrói Höttur	Nei	Nei
Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar	mótahald 2020 datt út. Gátum haldið mót 2021	Nei
FH - Frjálsíþróttadeild	1.000.000	Nei
FH - Knattspyrnudeild	12.902.400	8.800.00
Fimleikafélag Hafnarfjarðar	Á ekki við hjá aðalstjórn	Á ekki við hjá aðalstjórn
Golfklúbburinn Keilir	Nei	Nei
Haukar - Handknattleiksdeild	1.150.000	6.926.603



Hafnarfjörður

Haukar - Karatedeild	Nei	Nei
Haukar - Knattspyrnudeild	800.000	700.000
Haukar - Körfuknattleiksdeild	3.500.000	3.750.000
Hjólreiðafélagið Bjartur	Nei	Á ekki við
Siglingaklúbburinn Þytur	Nei	Nei
Skotíþróttafélag Hafnarfjarðar	200.000	Á ekki við
Skátafélagið Hraunbúar	Nei	Nei
Tennisfélag Hafnarfjarðar	Á ekki við	Á ekki við

Nafn félags og deildar	Hefur félagið/deildin orðið af tekjum frá styrktaraðilum vegna faraldursins?	Hefur félagið/deildin orðið af tekjum vegna leigu til skóla, viðburða, einkaaðila o.fl. á árinu 2021?
Akstursíþróttafélag Hafnarfjarðar	Á ekki við	Á ekki við
Badmintonfélag Hafnarfjarðar	2.000.000	3.000.000
Bogfímifélagið Hrói Höttur	Nei	Á ekki við
Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar	Á ekki við	Á ekki við
FH - Frjálsíþróttadeild	Á ekki við	Á ekki við
FH - Knattspyrnudeild	Nei	Nei
Fimleikafélag Hafnarfjarðar	Á ekki við	20.000.000
Golfklúbburinn Keilir	1.000.000	2.500.000
Haukar - Handknattleiksdeild	5.900.000	7.600.000
Haukar - Karatedeild	Nei	Nei
Haukar - Knattspyrnudeild	1.250.000	2.850.000
Haukar - Körfuknattleiksdeild	10.000.000	2.000.000
Hjólreiðafélagið Bjartur	Á ekki við	Á ekki við
Siglingaklúbburinn Þytur	Nei	400.000
Skotíþróttafélag Hafnarfjarðar	Á ekki við	Á ekki við
Skátafélagið Hraunbúar	Nei	Nei
Tennisfélag Hafnarfjarðar	Nei	Á ekki við

Samtals tekjufall

Nafn félags og deildar	Samtals tekjufall
Akstursíþróttafélag Hafnarfjarðar	Ársreikningur ekki klár.
Badmintonfélag Hafnarfjarðar	6.250.000
Bogfímifélagið Hrói Höttur	600.000
Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar	300.000
FH - Frjálsíþróttadeild	1.000.000
FH - Knattspyrnudeild	22.102.400
Fimleikafélag Hafnarfjarðar	20.000.000
Golfklúbburinn Keilir	3.500.000
Haukar - Handknattleiksdeild	21.876.603
Haukar - Karatedeild	-
Haukar - Knattspyrnudeild	8.567.966



Hafnarfjörður

Haukar - Körfuknattleiksdeild	20.500.000
Hjólreiðafélagið Bjartur	-
Siglingaklúbburinn Þytur	400.000
SÍH - Skotíþróttafélag Hafnarfjarðar	200.000
Skátafélagið Hraunbúar	-
Tennisfélag Hafnarfjarðar	-

Tinna Dahl Christiansen
Rekstrarstjóri
Mennta- og lýðheilsusvið